

Miðvikudaginn 30. nóvember 1994.

Nr. 466/1994. **Sýslumaðurinn í Keflavík**

gegn

Samskipum hf.

(Jón Finnsson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. nóvember 1994. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 24. október 1994, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 27. apríl sl. um að synja um framgang aðfarargerðar hjá varnaraðila eftir beiðni sóknaraðila. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda aðfarargerðinni áfram. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Í endurriti úr þingbók kemur fram, að enginn hafi verið staddur af hálfu málsaðila við þinghald, þar sem hinn kærði úrskurður var kveðinn upp, en þinghaldið var þó ákveðið í þessu skyni við lok aðalmeðferðar málsins 27. september 1994. Í bréfi, sem fylgdi kærumálgögnum til Hæstaréttar, vottar dómari málsins í héraði, að sóknaraðila hafi verið send ályktarorð hins kærða úrskurðar í símbréfi sama dag og hann var kveðinn upp, en um leið hafi honum verið tilkynnt, að endurrit úrskurðarins væri til reiðu handa honum í afgreiðslu dómsins. Þessu vottorði dómarans hefur sóknaraðili ekki hnekk.

Samkvæmt framansögðu telst sóknaraðili hafa fengið vitneskju

um hinn kærða úrskurð 24. október sl. Kærufrestur samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989, var því liðinn, þegar kæra sóknaraðila barst Héraðsdómi Reykjavíkur 9. nóvember 1994. Ber því að vísa þessu máli sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Keflavík, greiði varnaraðila, Samskipum hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.
